

**Nd.**

**615. Nefndarátt**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Vjer höfum nú athugað frumv. til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, og haft þar landssímastjórn til ráðaneytis. Hefir nefndin fallist á frumvarpið, en leggur til, að frumvarpsgreinin sje gerð nokkru skýrari að orðalagi, og kemur með breytingartillögu í þá átt.

Þá hefir landssímastjórnin vakið athygli nefndarinnar á því, að eins og nú stæði, væri óframkvæmanlegt að byggja loftskæptastöð þá, sem 6. gr. síma-

laganna ræðir um, og eftir að styrjöldinni ljetti, myndu talsverðir örðugleikar verða á því, að koma hjer upp loftskeytastöð, er drægi til útlanda, svo sem Noregs. Hins vegar væri þörfin nú óðum að aukast til þess að koma hjer upp loftskeytastöð, er hefði samband við skip í nálægð við Ísland (200--300 km.) Í sambandi við slíka stöð í Reykjavík mætti svo, ef sýndist, setja smástöðvar á nokkrum stöðum innanlands, sem mest þörf er á, en ekki er auðvelt að koma í simasamband. Þá gat símastjóri þess í samtali við nefndina, að hús og annað tilheyrandi þessari minni stöð hjer í Reykjavík, gæti komið að góðum notum þótt stöðin yrði stækkuð, enda myndi þá verða fánlegt rafmagn hjer í bænum með aðgengilegum kjörum, svo sem hin stærri stöð þarfnaðist í viðbót.

Að þessu athuguðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að bæta þeim ákvæðum í 6. gr. símalaganna, er heimili stjórninni, ef henni virðist brýn þörf til, að koma upp loftskeytastöð hjer í Reykjavík, þótt hún ekki drægi svo langt, sem lögin nú áskilja. Kemur hún því með viðaukatillögu við frumvarpið þessa efnis.

Skiftar voru skoðanir nefndarmanna um það, hvort hvetja ætti stjórnina fram til þess, að hraða mjög bygging þessarar minni loftskeytastöðvar, á meðan efni til hennar og vinna er óvenju dýrt af styrjaldarástæðum. Birtist væntanlega í umræðum vilji þingsins í því efni.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að gera við frumvarpið eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

Frumvarpsgreinin, sem verður 1. gr., orðist svo:

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur), um Sandaskörð til Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

Á eftir þessari grein komi ný grein sem verður

#### 2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.

Alþingi, 26. ágúst 1915.

Sig. Eggerz,  
formaður.

Björn Hallsson.

Pjetur Jónsson,  
skrifari.

Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.